



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 6. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

### 12. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2022, þann 15. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Dagskrá:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

##### **1. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar vegna Flúðaskóla frá 1. september sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar Skólanefndar vegna Flúðaskóla. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

##### **2. Lýðheilsu- og æskulýðsnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 12. september sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar Lýðheilsu- og æskulýðsnefndar. Varðandi lið 3, tillögur að breytingum á reglum um Hvatastyrki þá tekur sveitarstjórn undir það sjónarmið að styrkurinn skuli vera nýtanlegur hvort sem er í einu lagi eða mörgum og treystir á að nýtt kerfi Sportablers gefi möguleika til slíks.

Sveitarstjórn fagnar hugmyndum um hreyfiviku sem kemur fram undir lið 4. Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir frekari upplýsingum varðandi skerðingu á opunartíma félagsmiðstöðvar sem kynnt hefur verið.

Sveitarstjórn samþykkir jafnframt tilnefningar nefndarinnar í Ungmennaráð.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

##### **3. Fundargerð 245. fundar skipulagsnefndar frá 14. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. ágúst sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 245. fundar skipulagsnefndar frá 14. september sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. ágúst sl.

**Eftirfarandi mál er varða Hrunamannahrepp eru afgreidd sérstaklega:**

##### **Mál nr. 21. Laufskálabyggð: Útleiga sumarhúsa, deiliskipulagsbreyting.**

Lögð er fram umsókn frá Fjallinu Hafþór ehf. er varðar breytingu á deiliskipulagi Laufskálabyggðar. Í breytingunni felst að innan greinargerðar deiliskipulags verði veitt heimild fyrir rekstrarleyfisskyldri útleigu húsa innan svæðisins. Samþykki allra lóðarhafa innan deiliskipulagssvæðisins liggur fyrir í takt við bókun sveitarstjórnar Hrunamannahrepps 3.3.2022.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að samþykkja viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli stefnumörkunar aðalskipulags Hrunamannahrepps gr. 2.1.3. er varðar frístundabyggðir. Þar sem segir m.a. að heimilt sé að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir liggur samþykki allra hlutaðeigandi innan skipulagssvæðisins er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir viðkomandi breytingar á deiliskipulagi svæðisins á grundvelli stefnumörkunar aðalskipulags Hrunamannahrepps gr. 2.1.3. er varðar frístundabyggðir. Þar sem segir m.a. að heimilt sé að leigja út frístundahús í samræmi við reglugerð um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem fyrir liggur samþykki allra hlutaðeigandi innan skipulagssvæðisins er ekki talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 22. Efra-Sel golfvöllur, Efra-Sel, Syðra-Sel lóð 1: Stækkun lóðar.**

Lögð er fram umsókn um stækkun landeignarinnar Efra-Sel golfvöllur L203094 úr 39,3 ha skv. fasteignaskrá í 45,3 ha (46 ha út í miðja á) skv. mæliblaði. Stækkunin, sem samanstendur af 5 spildum, kemur úr landi Efra-Sels L166739 og einnig með sameiningu við Syðra-Sel lóð 1 L221377.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stækkun landeignar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykki erindið.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir stækkun landeignar skv. fyrirbyggjandi umsókn.

**Mál nr. 23. Hlíð spilda 1: Frístundasvæði, endurskoðað deiliskipulag.**

Lögð er fram að nýju tillaga deiliskipulags vegna Hlíðar spildu 1 L221538 eftir auglýsingu. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulag svæðisins úr gildi. Athugasemdir bárust við auglýsingu málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu þess.

Skipulagsnefnd mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að afgreiðslu málsins verði frestað fram til næsta fundar vegna framkominna athugasemda. Skipulagsfulltrúa falið að vinna nánar úr athugasemdum sem bárust vegna málsins í samráði við skipulagshönnuð.

Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til unnið hefur verið nánar úr athugasemdum sem borist hafa.

**Mál nr. 27. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. ágúst sl.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 31. ágúst sl.

**4. NOS: Fundargerð stjórnar frá 31. ágúst sl.**

Oddviti kynnti fundargerð stjórnar NOS.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

**5. Seyrustjórn: Fundargerð 4. fundar frá 16. ágúst sl.**

Oddviti kynnti fundargerð 4. fundar Seyrustjórnar.  
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

### **Erindi til sveitarstjórnar:**

#### **6. Samningur um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni ásamt fylgigögnum**

Oddviti kynnti drög að samningi um rekstur umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni ásamt viðaukum.

Lögð eru fyrir sveitarstjórn drög að samningi um umdæmisráð barnaverndar sem unnið hefur verið að í samvinnu við önnur sveitarfélög, ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga. Einnig er lagt fram erindisbréf valnefndar umdæmisráðs barnaverndar á landsbyggðinni ásamt tillögu að þóknun til ráðsmanna í Umdæmisráði barnaverndar á landsbyggðunum.

Sveitarstjórn samþykkir að standa að umdæmisráði barnaverndar með öðrum sveitarfélögum á landsbyggðinni líkt og lagt er til í erindinu. Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra umboð til að vinna að framgangi málsins og í framhaldinu undirrita samning fyrir hönd Hrunamannahrepps. Jafnframt er sveitarstjóra falið að kanna hvort gera þurfi breytingar á samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps vegna hins sameiginlega umdæmisráðs.

#### **7. Bréf frá stýrihóp um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum ódagss.**

Oddviti kynnti bréf og fylgiskjal frá stýrihóp um framkvæmd betri vinnutíma í leikskólum. Markmið þess og þeirrar vinnu sem þar er mælt fyrir um er að nýta þau tækifæri sem felast í betri vinnutíma til að ná fullri styttingu vinnutímans á gildistíma kjarasamningsins án þess að það valdi óhóflegu álagi á starfsfólk. Stýrihópurinn mun kalla eftir því að sveitarfélög skili tímasettri áætlun um hvernig markmiðum fylgiskjalsins verði náð.

Sveitarstjórn samþykkir að fela sveitarstjóra í samvinnu við formann fræðslunefndar að vinna að markmiðum kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag leikskólakennara þar sem mælt er fyrir um að nýta beri þau tækifæri sem felast í betri vinnutíma til að ná fullri styttingu vinnutímans á gildistíma kjarasamningsins. Sú vinna verði unnin í góðri samvinnu við starfsmenn leikskólans og leikskólastjóra.

#### **8. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga frá 23. ágúst 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga þar sem óskað er eftir skipan kjörinna fulltrúa í millipinganefndir.

Sveitarstjórn skipar eftirtalda aðila í millipinganefndir SASS: Jón Bjarnason í Umhverfis- og skipulagsnefnd, Bjarneyju Vignisdóttur í Velferðarnefnd, Herbert Hauksson í atvinnumálanefnd, Daða Geir Samúelsson í Samgöngunefnd og Alexöndru Rós Jóhannesdóttur í Mennta- og menningarmálanefnd.

#### **9. Bréf frá sóknarnefnd Hrunasóknar frá 28. ágúst 2022.**

Oddviti kynnti styrkbeiðni frá sóknarnefnd Hrunasóknar vegna æskulýðsstarfs í Hrunaprestkalli.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja æskulýðsstarf Hrunaprestakalls um kr. 10.000.- pr. þátttakenda í starfinu enda stendur það öllum börnum í 8. bekk Flúðaskóla til boða óháð því hvort börnin fermast eða ekki.

#### **10. Bréf frá Páli Orra Þrastarsyni og Sylvíu Önnu Davíðsdóttur frá 29. ágúst 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Páli Orra Þrastarsyni og Sylvíu Önnu Davíðsdóttur þar sem þau óska eftir að sveitarstjórn samþykki núverandi tengingu að Reykjalaus til bráðabirgða, svo deiliskipulag geti haldið áfram sínu ferli, þar til Vegagerðin er búin að taka endanlega ákvörðun um vegtenginguna.

Sveitarstjórn frestaði afgreiðslu deiliskipulags eftir auglýsingu sem tekur til lóðar Reykjalausar úr landi Reykjabakka á fundi sínum þann 4. nóvember 2021. Ástæður frestunar málsins sneru að athugasemdum nágretta og

Vegagerðarinnar er lúta að nýrri vegtengingu inn á lóðina sem deiliskipulagið tekur til. Viðræður standa yfir á milli landeigenda og Vegagerðarinnar um lausn er varðar samnýtingu vegtengingar inn á land Grafarbakka samkvæmt upplýsingum sem fram komu frá fulltrúum Vegagerðarinnar í vikunni. Að mati sveitarstjórnar er ekki ástæða til að tefja frekar uppbyggingaráform innan lóðarinnar og leggst sveitarstjórn því ekki gegn því að núverandi aðkoma að lóðinni verði merkt inn á uppdrátt skipulagsins til bráðabirgða og verði víkjandi samkvæmt skilmálum deiliskipulags eftir að samkomulag um nýja tengingu liggur fyrir.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir því framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu með fyrirvara um lagfæringar á gögnum í takt við framlagða bókun. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum og athugasemdum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna og í fyrri bókunum skipulagsnefndar og sveitarstjórnar vegna málsins. Sveitarstjórn mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42.gr.skipulagslaga nr.123/2010. Þeim sem athugasemdir gerðu við skipulagið verði kynnt niðurstaða sveitarstjórnar.

#### 11. **Bréf frá Guðrúnu Hermannsdóttur frá 1. september 2022.**

Oddviti kynnti bréf frá Guðrúnu Hermannsdóttur þar sem hún óskar eftir að gerð verði breyting á deiliskipulagi Ásabyggðar og bætt verði við einni frístundalóð sunnan við Ásabyggð 3 sem er í hennar eigu. Jafnframt óskar hún eftir að henni verði úthlutað þeirri lóð til byggingar á einu frístundahúsi.

Sveitarstjórn samþykkir að deiliskipulag umrædds svæðis verði endurskoðað með það fyrir augum að fjölgað verði lóðum á svæðinu. Sveitarstjórn áréttar jafnframt að öllum lóðum sem þannig munu mögulega koma til yrði úthlutað að undangenginni auglýsingu og í samræmi við reglur um lóðaúthlutun í Hrunamannahreppi.

#### 12. **Beiðni um að fallið verði frá forkaupsrétti.**

Oddviti kynnti beiðni frá Fasteignasölu Ásborgir þess efnis að Hrunamannahreppur falli frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Straumi, skv. lóðarleigusamningi vegna eignarinnar.

Sveitarstjórn samþykkir að falla frá forkaupsrétti sínum að fasteigninni Straumi, Flúðum Hrunamannahreppi, fastanúmer 220-3177 skv. samþykktum kaupsamningi í eignina.

#### 13. **Tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun 2022.**

Oddviti kynnti drög að tillögu að viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2022.

Veigamestu þættir viðaukans sem áhrif hafa á fjárhagsáætlun ársins 2022 eru að tekjur sveitarfélagsins eru að aukast en einnig eru gjöld vegna reksturs ýmissa stofnana sveitarfélagsins að fara nokkuð umfram áætlun. Má þar helst nefna að kostnaður við biðlaunagreiðslur fráfarandi sveitarstjóra nam 16,1 m.kr með launatengdum gjöldum. Kostnaður við rekstur málaflokks þjónustu við fatlað fólk er öllum sveitarfélögum landsins kostnaðarsamur málaflokkur og ljóst að tekjur sem sveitarfélög fá vegna þessa ná engan veginn að fjármagna þá þjónustu sem sveitarfélög lögum samkvæmt eiga að veita. Því reynist nauðsynlegt að bæta við 10 m.kr. vegna aukins kostnaðar við rekstur Bergrisans, byggðasamlags sveitarfélaga á Suðurlandi.

Sveitarstjórn samþykkir að vísa tillögunni til fullnaðar vinnslu og felur sveitarstjóra að vinna hana áfram með endurskoðendum sveitarfélagsins.

#### 14. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Sveitarstjórn samþykkir að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn fimmtudaginn 6. október n.k. kl. 14:00.

#### **Skipanir í nefndir og ráð:**

#### 15. **Skipun fulltrúa í SASS, HES og SOS.**

Oddviti kynnti skipun fulltrúa í eftirtalin embætti:

Aðalfundur SASS

Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Daði Geir Samúelsson.

Til vara: Herbert Hauksson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Aðalfundur Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir og Daði Geir Samúelsson.

Til vara: Herbert Hauksson, Alexandra Rós Jóhannesdóttir.

Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands

Aldís Hafsteinsdóttir

Til vara: Jón Bjarnason.

Sveitarstjórn samþykkir skipanina.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**a. SASS: Fundargerð 586. fundar stjórnar frá 2. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

**b. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 220. fundar frá 26. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**c. Brunavarnir Árnessýslu: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 18. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

**d. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð 1. fundar stjórnar frá 1. september sl.**

Lagt fram til kynningar.

#### **Mál til kynningar:**

**e. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 912. fundar stjórnar frá 26. ágúst sl.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl.16:25.